

Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu



Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2014 – 2015

unnin af
Hildi Þórsdóttur

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 3 |
| 1 Sjálfsmatskerfið og framkvæmd þess..... | 3 |
| 2 Innra mat | 4 |
| 2.1 Kennitölur | 4 |
| 2.2 Skólasamningur 2013 – 2015 | 7 |
| 2.3 Mat á skólastarfi – viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur | 9 |
| 2.4 Mat á skólastarfi – viðhorfskönnun lög fyrir starfsfólk FAS | 14 |
| 2.5 Áfangamat nemenda | 17 |
| 2.6 Skimunarpróf á líðan nemenda | 18 |
| 2.7 Ungmennáþing | 19 |
| 2.8 Skólastefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar | 23 |
| 2.9 Umbótamat – rýnihópur nemenda | 24 |
| 2.10 Lesstofuskylda | 27 |
| 3 Ytra mat | 29 |
| 3.1 Stofnun ársins..... | 29 |
| Viðauki 1 – Mat á skólastarfi; spurningalisti lagður fyrir nemendur | 30 |
| Viðauki 2 – Mat á skólastarfi; spurningalisti lagður fyrir kennara..... | 35 |
| Viðauki 3 – Áfangamat nemenda á vorönn 2015 | 39 |

Inngangur

Hér birtist sjálfsmatsskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir skólaárið 2014-2015. Í henni er farið yfir og fjallað um það sjálfsmat sem unnið var í skólanum og var að mestu byggt á framkvæmdaáætlun sjálfsmats. Til viðbótar er í sjálfsmatsskýrslu lagt mat á hvort og hvernig tókst að ná markmiðum sem sett eru fram í skólasamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í loka hluta skýrslunnar er svo fjallað um það ytra mat sem fór fram á árinu. Skýrsluna vann Hildur Þórsdóttir kennari við skólann og skólameistari las hana yfir fyrir útgáfu.

1 Sjálfsmatskerfið og framkvæmd þess

Sjálfsmatskerfi FAS byggir m.a. á lögum um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólasamningi og skólanámskrá. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir verk- og framkvæmdaráætlun skólans sem nær til vors 2014 (<http://www.fas.is/images/stories/sjalfsmat/matsskyrsla10.pdf>). Einnig er að finna lýsingu á sjálfsmatskerfi í skólanámskrá (http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=76&Itemid=47).


Verk- og framkvæmdaráætlun frá haustönn 2010 til vorannar 2014

| Matsþættir | H10 | V11 | H11 | V12 | H12 | V13 | H13 | V14 |
|-------------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| Kennarafundir | X | X | X | X | X | X | X | X |
| Miðannarviðtöl | X | X | X | X | X | X | X | X |
| Umsjónarviðtöl | X | X | X | X | X | X | X | X |
| Uppgjörsskýrslur | X | X | X | X | X | X | X | X |
| Starfsmannaviðtöl | | X | | X | | X | | X |
| Kennitölur | X | X | X | X | X | X | X | X |
| Áfangamat nemenda | | X | X | | | X | X | |
| Mat á skólastarfi | X | | | | | | | |
| Mat fyrrverandi nemenda | | | | | X | | | |
| Mat samfélags | | | | | | | X | |
| Nemendafundir | | X | | X | | X | | X |
| Mat rýnihópa nemenda | | X | | X | | X | | X |
| Umbótamat | X | X | X | X | X | X | X | X |
| Uppgjörsfundir | | X | | X | | X | | X |
| Skólanefndarfundir | X | X | X | X | X | X | X | X |
| Sjálfsmatsskýrslur | | X | | X | | X | | X |

2 Innra mat


2.1 Kennitölur

Í þessum kafla verða skoðuð þróun nemendaígilda, brottfalls og einkunna í FAS frá hausti 2005 til vors 2015. Áhersla er lögð á að bera saman skólaárið 2014 – 2015 við fyrri ár.




Mynd 1. Nemendaígildi við FAS eftir önnum

Nemendum í FAS fer hægt og sígandi fækkandi. Fjöldi nemenda náði hámarki árið 2009 sem skýra má með miklum samfélagsbreytingum í kjölfar hrunsins. Frá hausti 2005 til hausts 2008 eru nemendaígildi við upphafi annar að meðaltali 150 og nemendaígildi til prófs að meðaltali 124. Ef nemendaígildin eru skoðuð frá vori 2012 – vors 2015 kemur í ljós að nemendaígildi við upphafi annar eru 138 og nemendaígildi til prófs eru 119. Talsvert færri hafa skráð sig til náms á síðustu árum en á árunum 2005 – 2008 en hlutfallslega eru þó fleiri sem ljúka námi en áður. Fækkun nemenda má að öllum líkindum að miklu leyti rekja til þess að árgangar í sveitarfélaginu fara minnkandi. Einnig er talsverður samdráttur í fjarnámi við skólann sem hefur áhrif þar á (mynd 1).



Mynd 2. Brottfall í FAS frá hausti 2005 til vors 2015

Brottfall á haustönn 2014 var taslvert hátt miðað við undanfarin ár en brottfall á vorönn í meðallagi. Þegar brottfall frá hausti 2005 til hausts 2008 er skoðað kemur í ljós að það er að meðaltali 18%. Brottfall frá vori 2012 til vors 2015 er að meðaltali 11%. Brottfall í FAS hefur því minnkað umtalsvert með árunum (mynd 2). Vert er að benda á að í sjálfsmatsskýrslu skólans frá skólaárinu 2013 – 2014 eru brottfallstölur frá vori 2014 ekki réttar. Þar er haldið fram að brottfall sé 20% en hið rétta er að það var einungis 14%.



Mynd 3. Meðaltal einkunna í FAS

Ágætt samræmi er á milli einkunna frá hausti 2005 til vors 2014 annars vegar og skólaársins 2014 til 2015 hins vegar. Það má hins vegar sjá mun á vinnueinkunnum og einkunnum á munnlegum prófum milli anna. Meðaltal vinnueinkunna eru talsvert lægri á vorönn 2015 en haustönn 2014 og munar þar um 0,3 stigum. Meðaltal munnlegra prófa er hins vegar hærra á vorönn en haustönn svo nemur 0,3 stigum.

2.2 Skólasamningur 2013 – 2015

Í skólasamningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu frá 1. janúar 2013 er kveðið á um markmið skólans til næstu ára. Samningur þessi gildir til 31. desember 2015. Hér að neðan er útlístun á markmiðunum og framvindu þeirra.

1. Meginmarkmið: Klára endurskoðun aðalnámskrár á vorönn 2013.

- a. *Birta og taka upp skólanámskrá sem er í samræmi við almennan hluta aðalnámskrár, frá haustönn 2013.*
- b. *Óska eftir staðfestingu á öllum námsbrautum á vorönn 2013, enda verði þær allar komnar í námskrárgrunn.*
- c. *Klára endurskoðun á sjálfmatskerfi á haustönn 2013 og vinna eftir því frá skólaárinu 2013-2014.*

Tekin var upp ný námskrá haustið 2013. Í henni voru þrjár stúdentsnámsbrautir, auk framhaldsskólaprófs og fjallamennskunáms, sbr.

http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=977&Itemid=274

Allar námsbrautir og áfangalýsingar eru komnar í námskrárgrunn og beðið er eftir staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Markmið 1c náðist á vorönn 2015.

2. Auka listnám, verknám og skapandi greinar í FAS í samvinnu um Vöruhúsið, á árinu 2014.

Á skólaárinu 2013 - 2014 var fatasaumur, ljósmyndun og hönnun kennd í Vöruhúsinu samkvæmt nýrri námskrá. Í vetur var kennd kvikmyndagerð, sjónlist, matreiðsla, málmsmíði og fatasaumur. Einnig hefur verið komið upp Fab Lab smíðju í samstarfi við Vöruhúsið.

Starfsnám í samvinnu við aðra framhaldsskóla.

- a. *Halda áfram samræðum við framhaldsskóla á Austurlandi og mætt um myndfundabréf með það að markmiði að aðgangur að búnaðinum verði að veruleika á árinu 2013.*
- b. *Árið 2013 verði leitað eftir samstarfi við Fjölbrotaskóla Snæfellinga og Menntaskólann á Tröllaskaga um nám í fiskvinnslu.*
- c. *Komið á námi í fiskvinnslu árið 2014.*
- d. *Komið á samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki á Suðausturlandi á vorönn 2013 með það að markmiði að vinna að menntastefnu í ferðaþjónustu.*
- e. *Námskeiðahald í samræmi við menntastefnu ferðaþjónustufyrirtækja árin 2013 og 2014.*
- f. *Komið á almennu námi í ferðaþjónustu árið 2015 sem byggir á menntastefnu fyrirtækja og námskeiðahaldi 2013 og 2014.*
- g. *Komið á samstarfsvettvangi framhaldsskólanna frá Húsavík að Hornafirði á árinu 2013 með það að markmiði að meta og endurskoða samstarf.*

Komið var á samstarfi sjö framhaldsskóla á haustönn 2013 undir merkjum Fjarntenntaskólans til að efla starfsnám. Nú eru samstarfsfsskólar Fjarntenntaskólans orðnir tólf talsins. Vorið 2014 fékkst stuðningur frá Sprotasjóði til að þróa áfram námsframboð á starfsnámi á vegum Fjarntenntaskólans sbr. <http://www.fjarntenntaskolinn.is/>. Í vetur hefur sú þróun átt sér stað.

3. Fjarnám til stúdentsprófs í samvinnu við aðra framhaldsskóla.

- a. Á vorönn 2013 hafði FAS frumkvæði að samstarfi við FSN, MTR og ME um endurnýjun á umsókn um fjarnám til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindafræði.
- b. Árið 2014 verði unnið að endurskipulagningu og útvíkkun á fjarnámi til stúdentsprófs í FAS.

Unnið var að markmiði 3 á vettvangi Fjarmenntaskólans þar sem komið var á samstarf milli skólanna sem standa að honum varðandi miðlun náms og kennslu milli skóla sbr.

<http://www.fjarmenntaskolinn.is/>. Fjarmennaskólinn fékk styrk úr Sprotasjóði til að vinna að þessu markmiði skólaárið 2014 – 2015. Í vetur hefur verið unnið að þessum markmiðum.

Fjallamenskunámið.

- a. Óskað eftir staðfestingu námsbrautarinnar á vorönn 2013.
- b. Koma á samstarfi við erlenda skóla um fjallamensku á árinu 2014.

Fjallamenskubraut FAS er komin inn í námskrárgrunn og beðið er eftir staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Teknar voru upp viðræður við University of the Highlands and Islands. Stefnt að samstarfi FAS og þessa skóla um nám í fjallamensku á 4. þrepi. Þessar viðræður eru enn í gangi.

2.3 Mat á skólastarfi – viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur

Á síðustu haustönn unnu nokkrir nemendur í FAS úr niðurstöðum viðhorfskönnunar sem lögð var fyrir alla nemendur skólans. Í könnuninni var verið að kanna viðhorf þeirra til skólastarfsins og er könnun þessi lögð fyrir með reglulegu millibili. Textinn hér að neðan er alfarið unninn af nemendum en skýrsluhöfundur lagfærði útlit á einstaka stað. Höfundar skýrslunnar eru Ármann Örn Friðriksson og Guðrún Kristín Stefánsdóttir. Að vinnunni komu einnig; Aron Þormar Thomasson, Auðunn Hafdal, Árni Birgir Þorvaldsson, Brynjar Máni Jónsson, Dagur Snær Guðmundsson, Ljósbrá Dögg Ragnarsdóttir, Una Guðjónsdóttir og Viktor Örn Einarsson.

Inngangur


Á hverri haustönn brýtur Framhaldskólinn í Austur-Skaftafellssýslu upp námið með svokallaðri vísindavíku. Í henni fá nemendur tækifæri til að vinna í fjölbreyttum verkefnum með samnemendum sínum í stað hefðbundins náms. Þessi hópur vann með niðurstöður úr skoðunarkönnun sem lögð var fyrir nemendur skólans.

Rannsóknaraðferð

Fyrir valinu varð að framkvæma spurningakönnun á viðhorfum virkra staðnemenda í Framhaldskólanum í Austur-Skaftafellssýslu. Könnunin var lögð fyrir 21. október 2014. Tilgangur könnunarinnar var að kanna viðhorf nemenda til skólastarfs. Þessi könnun er alltaf lögð fram á fjögurra ára fresti, sem er hluti af sjálfsmati skólans. Megindleg aðferðafræði gefur okkur tækifæri til þess að sjá mat nemenda á skólanum og sjá tengslin milli svara þátttakenda við staðhæfingum sem settar voru fram. Auk þess að spurningakannanir eru handtæk verkfæri til að ná til stórra hópa þátttakenda á skömmum tíma með einföldum hætti.

Þátttakendur

Þátttakendur voru virkir staðnemendur í Framhaldskólanum í Austur-Skaftafellssýslu ($n=96$). Við valið á þátttakendum voru höfð að leiðarljósi hagnýt sjónarmið hvað varðar framkvæmd rannsóknarinnar, og var því úrtakið jafn stórt og þýðið. Svarhlutfallið var 85% ($n=82$). Þar af voru 49% karlar ($n=40$) en 51% konur ($n=42$). 70% þátttakenda voru yngri en 18 ára ($n=57$) og 30% voru 18 ára eða eldri ($n=25$), sbr. mynd 1.



Mynd 1. Aldur og kyn þátttakenda

Mælitækið

Spurningalistinn innihélt tvær bakgrunnsspurningar, kyn og aldur. Viðhorfsspurningarnar voru tvískiptar, annars vegar 14 spurningar um þjónustu í FAS og hins vegar var ein um viðveru nemenda á lesstofu. Spurt var til að mynda um vinnuaðstöðu skólans, líðan í skólanum, félagslíf, tölvukerfi, þrif, þjónustu og fleiri atriði.

Framkvæmd og tölfræðileg úrvinnsla

Listinn var yfirfarinn á kennarafundi og samþykktur af kennurum. Könnunin var lögð fyrir 21. október og tekin frá og með kl. 08:00 til 16:00. Svör þátttakenda voru færð í forrit sem heitir Spreadsheet og seinna fært í Excel þar sem öll tölfræðileg úrvinnsla fór fram rúmlega viku síðar. Nemendur unnu saman með sína útreikninga og niðurstöður í Google Docs.

Siðferðileg atriði

Í rannsókninni var ekki unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar, skoðunarkönnunin var nafnlaus og svörin voru ekki persónugreinanleg.

Allir þeir sem tóku þátt í úrvinnslu rannsóknarinnar voru látnir skrifa undir þagnarskyldu til að varðveita trúnað þátttakenda. Trúnaði við þátttakendur var gætt með því að eyða öllum handbærum gögnum þegar búið var að vinna úr þeim niðurstöður.

Niðurstöður


Rekstur og aðstaða

Ef litið er á spurningar er varða rekstur Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og aðstöðuna sem boðið er upp á eru nemendur tiltölulega ánægðir. Nemendur hafa mjög jákvætt viðhorf til vinnuaðstöðu og þrifa í Nýheimum. Viðhorf til stjórnunar og þjónustu á skrifstofu eru áberandi jákvæð, sbr. töflu 1. Taka skal fram að í töflunni er litið á að krossa við „mjög góð“, „góð“, og „viðunandi“ sem jákvætt viðhorf; að krossa við „slæm“ og „mjög slæm“ sem neikvætt viðhorf. Þá er litið á það að nemendur krossi við „vil ekki svara/á ekki við“ eða skili auðu sem hlutlaus svör (tafla 1).

Tafla 1. Viðhorf nemenda til stjórnunar og þjónustu á skrifstofu FAS.


| | Viðhorf til stjórnunar FAS | Viðhorf til þjónustu á skrifstofu FAS |
|-----------|----------------------------|---------------------------------------|
| Jákvætt | 79 | 78 |
| Neikvætt | 2 | 0 |
| Hlutlaust | 1 | 4 |

Þegar spurt er um viðhorf til annars vegar tölvukerfis skólans og hins vegar nýtingu á lesstofunni í FAS leita svörin í neikvæðari átt, sbr. mynd 2 og 3. Þá fjölgar skriflegum svörum einnig töluvert. Eins og sjá má á mynd 2 hafa rúm 44% ($n=27$) nemenda neikvætt álit á tölvukerfi skólans. Ef að litið er á skrifleg svör nemenda við þessari spurningu telja þeir netsambandið hægt og tölvurnar sem FAS býður upp á í lesstofu skólans vera niðurníddar og óáreiðanlegar (mynd 2.)



Mynd 2. Viðhorf nemenda til tölvukerfisins í FAS.


Nýting lesstofunnar í FAS sker sig hvað mest úr annars jákvæðum viðhorfum nemenda á starfi skólans. Á mynd 3 má sjá viðbrögð nemenda eftir aldursþópum, og þar kemur nokkuð skýrt fram að eldri nemendur eru óánægðari. Rúm 40% ($n=10$) nemenda sem eru átján ára eða eldri, lítur neikvætt á nýtingu lesstofunnar. Tölfræðin sýnir þó ekki það sama og skrifleg svör við spurningunni, sem að allflest eru neikvæð og mörg hver jafnvel harðorð. Í flestum svaranna kemur fram óánægja með skyldumætingu á lesstofuna. Þá er einnig oft minnst á skort á svigrúmi í reglum um lesstofuna (mynd 3).



Mynd 3. Viðhorf nemenda til nýtingar á lesstofunni.

Samskipti

Aðspurðir um líðan innan veggja skólans og samskipti við starfsfólk skólans voru nemendur alltént jákvæðir. Þegar spurt var um félagslíf í skólanum leitaði viðhorf nemenda nær miðju, með áberandi fjölgun á skriflegum svörum. Eins og sjá má á mynd 4 var viðhorf nemenda ekkert endilega neikvætt, en margir sögðu nemendafélagið þurfa að standa fyrir fleiri viðburðum, að fleiri ættu að mæta á umrædda viðburði og að halda ætti betur utan um félagslíf skólans.



Mynd 4. Viðhorf nemenda til félagslífsins í FAS


Ýmis þjónusta tengd skólanum

Samhljómur var meðal nemenda um flesta þá þjónustu sem Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og/eða Sveitarfélagið Hornafjörður býður þeim upp á. Viðhorf nemenda til þjónustunnar á bókasafninu, á lesstofunni, og þeirrar þjónustu sem umsjónarkennarar þeirra veita þeim var mjög jákvætt. Þrátt fyrir að viðhorf til námsráðgjafa hafi almennt verið mjög jákvætt litu þó örlítið fleiri nemendur þjónustu námsráðgjafa neikvæðum augum, sbr. töflu 2, þar sem hægt er að bera saman viðhorf til þjónustu námsráðgjafa, bókasafnsins, og á lesstofunni. Athugið að sama flokkunaraðferð valmöguleika gildir í töflu 1 og töflu 2.

Tafla 2. Viðhorf nemenda til þjónustu námsráðgjafar, á bókasafni og á lesstofunni

| | Námsráðgjöf | Bókasafn | Lesstofan |
|-----------|-------------|----------|-----------|
| Jákvætt | 62 | 73 | 70 |
| Neikvætt | 17 | 4 | 8 |
| Hlutlaust | 3 | 5 | 4 |


Viðhorf nemenda til veitingasölnunnar var einnig afar jákvætt, sbr. mynd 5. Á myndinni má sjá að að veitingasalan er sérlega vinsæl meðal eldri nemenda, þar sem 63% þeirra ($n=13$) telja hana mjög góða eða góða, og enginn eldri en átján telur hana slæma. Þrátt fyrir að líta veitingasölnuna örlítið neikvæðari augum eru yngri nemendurnir almennt jákvæðir gagnvart henni. Þá eru þrettán nemendur sem ekki svara, en margir sem svöruðu skriflega sögðu sig ekki nýta sér veitingasölnuna.



Mynd 5. Viðhorf nemenda til veitingasölnunnar


2.4 Mat á skólastarfi – viðhorfskönnun lög fyrir starfsfólk FAS

Á haustönn 2014 var lögð fyrir starfsfólk FAS könnun til að kanna viðhorf þess til skólans og annarra stofnana í Nýheimum. Starfsfólk FAS er nítján talsins og var svarhlutfall 47,4% (n=9). Spurningalistinn innihélt tólf viðhorfsspurningar. Engar bakgrunnsþurningar voru í könnuninni vegna þess hve vinnustaðurinn er mannfár og því hætta á að viðhorf starfsfólks væri persónurekjanlegt.




Mynd 1. Afstaða til spurningarinnar; *Hvernig er andinn í starfsmannahópnum?*

Spurt var um andann í starfsmannahópnum og virðist hann einstaklega góður. Af þeim sem svöruðu voru allir þeirrar skoðunar að andinn væri mjög góður eða góður (mynd 1). Fram kom í skriflegu svari eins starfsmanns að honum þætti FAS „góður vinnustaður“.




Mynd 2. Afstaða til þess hvernig skólanum er stjórnað og líðan í vinnunni

Þegar afstaða til þess hvernig skólanum er stjórnað kom í ljós að allir þátttakendur töldu að honum væri mjög vel eða vel stjórnað. Hið sama er uppi á teningnum þegar svör við spurningunni *Hvernig líður þér í vinnunni?* eru skoðuð. Öllum þátttakendum leið mjög vel eða vel í vinnunni (mynd 2). Í skriflegu svari kom fram að viðkomandi taldi *móralinn góðan og að vel sé tekið á móti nýju starfsfólki*.




Mynd 3. Viðhorf þátttakenda til vinnuaðstöðu, samskipta á vinnustað og kerfisstjórnunar

Þátttakendur voru ánægðir með vinnuaðstöðuna og töldu allir þátttakendur hana mjög góða eða góða. Einnig voru þátttakendur mjög ánægðir með samskiptin í skólanum og töldu allir þátttakendur að þau væri mjög góð eða góð. Flestir voru ánægðir með kerfisstjórnun skólans en þó voru tveir þátttakendur sem töldu hana einungis viðunandi (mynd 3). Fram kom í skriflegu svari eins þátttakanda að „netið væri óstábílt“.




Mynd 4. Viðhorf þátttakenda til þjónustu bókasafnsins og sambúðarinnar í Nýheimum

Allir þátttakendur voru ánægðir með þjónustu bókasafnsins. Öllum nema einum líkaði mjög vel þjónustan. Jákvætt viðhorf var einnig til sambúðarinnar í Nýheimum og líkaði öllum mjög vel eða vel hana (mynd 4). Í skriflegum svörum þátttakenda kom fram að *stuðla mætti að auknum samskiptum* og að *fólk sé jákvætt gagnvart því að auka samskipti milli hæða sem hefur gengið nokkuð vel í haust*.



Mynd 5. Viðhorf þátttakenda til veitingarsölunnar og þrifa í Nýheimum

Spurt var um viðhorf til þrifa og veitingasölu. Flestir voru ánægðir með veitingasölu eða átta þátttakendur af níu. Einum þátttakenda líkaði sæmilega við veitingasöluna. Þrifi komu ekki eins vel út. Sex þátttakendum líkaði þau mjög vel eða vel, tveir töldu þrifi sæmileg og einum líkaði þrifi illa (mynd 5). Í skriflegum svörum voru klósettþrif gagnrýnd og bent á að þau væri ekki nægilega vel þrifi og snyrtileg.



Mynd 6. Viðhorf þátttakenda til þjónustu skrifstofunnar og þjónustu lesstofunnar

Viðhorf þátttakenda til þjónustu skrifstofunnar og lesstofunnar var jákvætt. Allir svöruðu mjög vel eða vel þegar spurt var um þjónustuna (mynd 6).

2.5 Áfangamat nemenda

Áfangamat nemenda fór fram á þessu skólaári. Að þessu sinni voru fjórar lokaðar spurningar og auk þess var gert ráð fyrir að nemendur gætu komið með skriflegar athugasemdir. Spurt var um kenningu, verkefni, námsefni og einbeitingu nemenda (sjá viðauka 3). Áfangamatið virðist almennt koma vel út en þó er vert að benda á að kennarar birta niðurstöður á áfangamati á mjög mismunandi hátt. Sumir kennarar birta graf með tölulegum upplýsingum ásamt skriflegum athugasemdum á meðan aðrir kennarar láta nægja stutta skriflega lýsingu á viðhorfum nemenda. Það er því illmögulegt að fá yfirsýn yfir viðhorf nemenda til fyrrnefndra þátta. Mikilvægt er að samræma niðurstöðurnar svo hægt sé að gera heildarúttekt á áfangamatinu.

2.6 Skimunarpróf á líðan nemenda

Á vorönn 2015 var lagt fyrir nemendur skólans skimunarpróf þar sem spurt var um tilfinningar þeirra og líðan. Stefnt er að því að próf þetta verði hluti af sjálfsmati skólans í framtíðinni. Greinargerðin hér að neðan er unnin af Eyrúnu Unni Guðmundsdóttur en hún hafði umsjón með prófinu.

Forvarnarvinna er mikilvæg vinna í skólastarfi með börnum og ungmönnum. Skólarnir eru góður vettvangur til þess að nálgast nemendur og koma inn með ýmiskonar fræðslu. Á vorönn 2015 tóku Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og Fræðsluskrifstofa Hornafjarðar höndum saman og unnu að því að kortleggja líðan nemenda skólans í forvarnarskyni. Vinna sem þessi er orðin algeng í starfi framhaldsskóla á landsvísu og þykir mikilvægur hlekkur í forvarnarstarfi þar sem niðurstöðurnar gefa glögga mynd af líðan í nemendahópnum. Staðlaður spurningalisti var lagður fyrir nemendur sem metur tilfinningar þeirra og líðan en Birgir Þór Guðmundsson sálfræðingur hafði yfirumsjón með fyrirlögninni. Kennarar í FAS sáu um fyrirlögn listanna og síðan vann Eyrún Unnur Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri á fræðsluskrifstofu úr niðurstöðunum. Svarhlutfallið var mjög gott og tæplega 90% allra nemenda tóku þátt. Eftir að niðurstöður lágu fyrir hafði Eyrún Unnur samband við þá nemendur sem skoruðu yfir viðmiðunarmörkum og fór yfir niðurstöðurnar með hverjum og einum. Listum nemenda sem skoruðu innan viðmiðunarmarka var strax eytt þar sem farið var með öll gögn sem persónuupplýsingar. Eftir að viðtölin höfðu farið fram var öllum listum eytt. Í kjölfarið var farið að þróa úrræði í samvinnu við Birgi Þór, sálfræðing sem gagnast myndi hópnum vel. Niðurstaðan varð sú að næstkomandi haust mun þeim nemendum FAS sem skoruðu utan viðmiðunarmarka standa til boða sérhannað námskeið í Hugrænni atferlismeðferð sem miðar að því að bæta líðan þeirra. Slíkt námskeið er nýjung í starfi innan FAS og spennandi viðbót við það forvarnarstarf sem nú þegar er þar unnið.

2.7 Ungmennafélag

Þann 21. apríl 2015 stóð Ungmennaráð Hornafjarðar fyrir ungmennafélagi í Nýheimum. Þingið var hugsað sem vettvangur fyrir ungt fólk á Hornafirði á aldrinum 14 til 24 ára, til að koma saman og leita svara við spurningunni „hvað vill ungt fólk á Hornafirði“. Rúmlega 100 ungmenni mættu og unnu í 10 hópum að fimm mismunandi málefnum. Meðlimir ungmennaráðs ásamt varamönnum þeirra sáu um málstofur og var þeim skipt niður þannig að tvær stofur væru fyrir hvert málefni. Þannig fengu hóparnir tækifæri til að færa sig milli stofa á 20 mínútna fresti og ræða um hvert málefni fyrir sig. Málefni sem tekin voru fyrir á þinginu eru eftirfarandi: íþrótt- og tómsundamál, skóla- og fræðslumál, umhverfis- og skipulagsmál, velferðarmál og málaflokkurinn ungt fólk og lýðræði þar sem rætt var um lýðræðislega þátttöku ungmenna.

Unnið var eftir þeim aðferðum að hóparnir ræddu sín á milli hvað þeim þótti jákvætt í hverjum málaflokki fyrir sig en einnig það sem betur mætti fara. Að loknum umræðum í hverri málstofu valdi hver hópur þrjú atriði eða fleiri sem þeim þóttu mikilvægust. Atriðin skrifuðu þau á miða sem síðan voru hengdir á veggspjöld merkt hverju málefni fyrir sig. Ekki var leitast eftir því að hópstjórar spyrðu sérstakra spurninga nema þá rétt til að koma umræðum af stað. Þá var aðeins farið stuttlega yfir hvað gæti mögulega tengst hverjum málaflokki en hugmyndin var að allar skoðanir kæmu beint frá ungmennunum sjálfum og væru ekki litaðar af skoðunum ungmennaráðs eða starfsmanns þess.

Hér á eftir verður farið yfir niðurstöður þingsins og þeim skipt niður í tvo flokka, forgangsmál og önnur mál. Forgangsmál eru þau mál sem upp komu oftast og eru því talin vega þyngra en önnur mál. Að lokum er öllum málum raða upp í forgangsröð, það sem þótti mikilvægast efst og svo koll af kalli.

Íþrótt- og tómsundamál

| Forgangsmál | Önnur mál |
|--|---|
| Ungmennahús | Vatnsbrunn í Bárúna |
| Stærra íþróttahús | Nýtt húsnæði fyrir Sporthöllina |
| Fimleikahús | Samstarf milli FAS og Grunnskóla Hornafjarðar |
| Betri og menntaðri þjálfara í íþróttum | Stækka Mánagarð |
| Sporna gegn kynjamismun í íþróttum | Fleiri skólaböll |
| Að hægt sé að æfa handbolta | Meiri áhersla á aðrar íþróttir |
| | Betri kynning á íþróttum fyrir börn |
| | Fá virkan félagsmálafulltrúa í FAS |
| | Viðburð fyrir unglinga á Humarhátíð |
| | Söngkennsla |
| | Jet Ski |

Jákvætt:

- Fótbolta aðstaðan til fyrirmyndar
- Margt í boði fyrir grunnskólakrakka og þar hefur orðið jákvæð þróun

Skóla- og fræðslumál

| Forgangsmál | Önnur mál |
|--|--|
| Fjölbreyttara úrval tungumála Fræðsla um geðheilsu og andlega sjúkdóma Kynjafræði í Grunnskóla Hornafjarðar Fá betra bókasafn í Grunnskóla Hornafjarðar Meira verklegt nám <ul style="list-style-type: none">▪ Verklegir raunvísindatímar▪ Listabraut▪ Íþróttabraut▪ Hestaíþróttir Hinsegin Fræðsla | Regluleg skyndihjálparnámskeið Betri kynfræðslu <ul style="list-style-type: none">▪ Fjölbreyttari íþróttakennslu▪ sund einingar fyrir íþróttakennslu Fjölbreyttara nám <ul style="list-style-type: none">▪ kennsla á aga (hegðun, þroski, o.s.frv)▪ Fá Tónskólann meira metinn í námi▪ Hagfræði▪ Fjármálafræði▪ Viðskiptafræði▪ Skipta á dönsku í GH út fyrir spænsku/þýsku Endurskoða klúbbastarf í FAS |
| Jákvætt: <ul style="list-style-type: none">▪ Mjög gott bæjarbókasafn▪ Góð þróun í íþróttakennslu FAS | |

Velferðarmál

| Forgangsmál | Önnur mál |
|---|--|
| Léleg aðstaða fyrir fatlaða í Vöruhúsinu Íþróttaaðstoð fyrir fatlaða Fræðsla um fötlun Vantar: <ul style="list-style-type: none">- Sálfræðing- Ljós móður- Augnlækni Minnihlutafræðsla Minnihlutahópa hátíð (Gay Pride) | Fleiri fatlaðra klósett Betri aðstoð fyrir ungt fatlað fólk Fræðsla um langvarandi sjúkdóma Bætt bráðamóttaka Fleiri lækna Þjóðakvöld fyrir innflytjendur Halda stuðningsfundi |
| Jákvætt: <ul style="list-style-type: none">- Heilsueflandi Framhaldsskóli- Bærinn duglegur við að styðja heilsueflingu bæjarbúa | |

Umhverfis- og skipulagsmál

| Forgangsmál | Önnur mál |
|--------------------------------------|---|
| Mikil þörf á íbúðarhúsnæði | Malbika fyrir framan Bárúna |
| Sporna gegn fjölgun gistiheimila | Gera íþróttaaðstöður bæjarins löglegar |
| Malbikaður hjólastígur inn í Nes | Bæta hjólabrettaaðstöðu |
| Fleiri ruslatunnur | Aðskilja hjólabrettaaðstöðu og körfuboltavöll |
| Laga og malbika vegi (t.d í Óslandi) | Fá kikir í Ósland sem hægt er að nýta í fuglaskoðun |
| Fleiri og betri leiksvæði fyrir börn | Byggja kamra/útiklósett |
| Betrumbæta stúkuna við Sindravöll | Búa til almenningsgarð með borðum/bekkjum <ul style="list-style-type: none">- á Hótel Túninu- á Miðbæjarsvæðinu- Milli Grunnskóla Hornafjarðar og skólagarðanna |
| | Fá hvítan sand á blakvöllinn |
| | Skemmtilegri bæjarvinnu |
| | Fá stórt skákborð (t.d á Hótel túnið) |
| | Gróðursetja fleiri tré |
| | Fleiri söfn |
| | Færa Humarhátíð aftur á Bryggjuna |
| | Bæta 17. júní dagskrá bæjarins |
| | Fleiri bekkir og borð víðvegjar um bæinn |
| | Laga gosbrunninn hjá íþróttahúsinu |
| | Fá tikkallasíma |
| | Sekta fólk sem hendir rusli |
| | Bakarí |
| | Bíó |
| | Fleiri: <ul style="list-style-type: none">- Veitingastaði- Skyndibitastaði- Kaffihús |
| | Bæta húsnæði Sporthallarinnar |
| | Almennilegan bar |
| | Þjóða upp á báts-, fjöru- og jöklaferðir á hagstæðu verði |
| | Millilandaflug á Höfn |
| | Hornfirskir krakkar megi gista á tjaldstæðinu |
| | Þjóða upp á sólarhringsopnun í sjoppum |
| | Fleiri útihátíðir |
| | Bátaleiga |
| | Hundagarður |

Jákvætt:

- Þróun í flokkun á rusli mjög góð
- Bærinn yfirleitt mjög hreinn og fínn

Ungt fólk og lýðræði

| Forgangsmál | Önnur mál |
|--|--|
| Stuðla að því að ungt fólk fari í framboð | Bættar ungliðahreyfingar Kosningar ekki nægilega kynntar fyrir ungmennum |
| Bjóða upp á meiri fræðslu og áhugavakningu | Kennsla fyrir ungmenni um hvernig á að kjósa |
| Fá fræðslu inn í skólana | Ungir frambjóðendur að fræða unga fólkið |
| Velferð ungs fólks í fyrirrúmi hjá bæjarstjórn | Ungt fólk í bæjarstjórn Yngri kosningaaldur Meiri þekking = meiri kröfur |

Jákvætt:

- Áhugi ungs fólks á Hornafirði virðist aðeins vera að kvikna
- Ungt fólk opið fyrir upplýsingum

2.8 Skólastefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Undanfarin ár hefur verið unnið marvisst að nýrri menntastefnu í sveitarfélaginu og hefur FAS komið að þeirri vinnu. Greinargerðin hér að neðan er unnin af Eyrúnu Unni Guðmundsdóttur, verkefnisstjóri á fræðsluviði Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þar er í stuttu máli fjallað um menntastefnuna og þá vinnu sem átt hefur sér stað undanfarin misseri.

Þegar tekin var ákvörðun um að vinna nýja menntastefnu fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð var ákveðið að horfa til lengri tíma heldur en áður hefur verið gert og þróa framtíðarmiðaða menntastefnu til næstu 10 - 15 ára sem nær til allra samfélagsþegna óháð aldri og fyrri reynslu. Strax á fyrstu mánuðum ársins 2014 átti sér stað ákveðin hópavinna með ýmsum hagsmunaaðilum sveitarfélagsins, sem voru elstu nemendur grunnskólans, nemendur framhaldsskólans, aðilar frá atvinnulífinu, foreldrar og aðrir áhugasamir íbúa. Þátttaka var opin öllum og viðburðir vel kynntir. Lögð voru fyrir ákveðin verkefni sem voru mismunandi eftir því hvaða hópur var að verki. Þrátt fyrir að hóparnir hafi verið ólíkir að upplagi hvað varðar aldur og reynslu þá var mikið samræmi í niðurstöðum hópavinnunnar. Dregin voru saman helstu hugtök sem ítrekað komu fram í niðurstöðunum og einkenndi sameiginlega sýn allra þátttakenda á námsfyrirkomulag og kennsluhætti. Í kjölfarið voru fagaðilar innan hvers skólastigs kallaðir saman til þess að skilgreina í sameiningu þessi hugtök út frá eigin starfi og reynslu. Þær skilgreiningar verða síðan notaðar í framhaldinu til þess að þróa sameiginleg markmið í menntastefnu fyrir sveitarfélagið í heild. Gaman er frá því að segja að hingað til hafa rétt tæplega 300 íbúar komið að vinnu við gerð nýrrar menntastefnu á einhvern hátt.

2.9 Umbótamat – rýnihópur nemenda

Frá haustönn 2006 hefur skólinn með reglubundnum hætti staðið að umbótamiðuðu sjálfsmati enda er kveðið á um slík sjálfsmati skólans. Að þessu sinni var ákveðið að skoða viðhorf nemenda til nýrrar námskrár skólans. Við vildum sérstaklega skoða viðhorf og upplifun nemenda til þess hvort námsálag hafi breyst við tilkomu nýrrar námskrár og hvort hæfniprep og kröfur í áföngum haldist í hendur.

Ákveðið var að ræða við nokkra nemendur sem hvorutveggja hafa reynslu af nýju námskránni og þeirri gömlu og fá utanaðkomandi aðila til að ræða við hópinn. Valdir voru sex nemendur, þrír drengir og þrjár stúlkur og voru flest þeirra útskriftarnemendur. Hugrún Harpa Reynisdóttir, verkefnisstjóri Nýheima tók að sér að ræða við rýnihópinn. Samdar voru opnar spurningar sem tóku á viðfangsefninu. Þær voru eftirfarandi:

1. Upplifa nemendur mismunandi kröfur milli einstakra faga í skólanum?
 - a. Hvernig birtist sá munur, í verkefnum, prófum.....?
2. Upplifa nemendur stigsmun á kröfum milli þrepa?
 - a. Hvar finna nemendur helst fyrir þeim stigsmun?
3. Hvernig upplifa nemendur breytingar á námi með tilkomu nýrrar námskrár?
 - a. Hefur orðið breyting á álagi á nemendur?
 - b. Hafa kröfur til nemenda breyst?
 - c. Eru breytingarnar jákvæðar að mati nemenda?
 - d. Hverjir eru helstu vankantar nýrrar námskrár?

Hér að neðan eru niðurstöður Hugrúnar:

Munur á álagi og kröfum milli faga

Nemendur voru allir sammála um að mikill munur væri á kröfum og álagi á milli faga og telja þau öll að það fari eftir kennurum. Kemur fram að það séu ákveðnir kennarar sem gera miklar kröfur sem veldur meira álagi í þeirra fögum. Greinilegt var að nemendur höfðu upplifað það sama á tíma eldri námsskrár. Þau lýstu því hvernig tveir fyrsta þreps áfangar geta til dæmis verið mjög ólíkir hvað varðar álag og kröfur. Birtist munur á kröfum og álagi á milli faga að þeirra mati í: Almennu álagi yfir önnina, fjölda verkefna, þyngd verkefna og kröfum um gæði þeirra. Þau eru sammála um að meira samræmi sé milli faga þegar kemur að prófum. Einnig kom fram að mikill munur sé á milli kennara þegar kemur að kröfum um að virða skilafrest verkefna, einnig kom fram að kennarar fara mis mikið eftir kennsluáætlun sinni. Þau eru öll sammála um að það mætti samræma kennsluáæfingarnar á milli faga.

Einnig kom fram í tengslum við þessa umræðu þeirra að nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir að verkefni og próf á miðri önn lendi öll á sömu viku. Jafnframt sköpuðust umræður um lokapróf og nefndu þau að það fyrirkomulag sem áður var, þar sem voru tvö lokapróf á dag, hefði verið betra. Voru þau öll sammála um að með þremur prófum á dag væri of lítill tími milli prófa til þess að undirbúa sig, þegar það kæmi fyrir að nemendur lentu í því

að vera í tveimur prófum á einum degi. Einnig komu fram hugmyndir um að æskilegt væri að hafa einn dag í upplestrarfrí fyrir fyrsta prófdag.

Munur á kröfum milli þrepa

Voru nemendur sammála um að það væri sjaldan sem þau fyndu fyrir þrepaskiptingunni og segja þau það fara mikið eftir fögum og kennurum. Kom fram í umræðu þeirra að sumir kennarar eru með alla sína áfanga sem þriðja þreps á meðan aðrir eru með alla áfanga sem fyrsta þreps áfanga. Nemendur upplifa mikið misræmi milli kennara. Ef nemendur finna fyrir stigsmun þá telja þau það helst birtast í kröfum í verkefnum. Hvað varðar þyngd prófa eftir þrepum þá virtust þau ekki endilega finna mikið fyrir því. Þau voru almennt jákvæð gagnvart þeirri breytingu að þrepaskipta áföngum og hafa trú á að það sé góð leið ef hún virkaði eins og hún ætti að gera.

Almennt varðandi breytingar á námi með nýrri námskrá

Þeir nemendur sem fóru í gegnum færslu frá eldri námskrá yfir í þá nýju voru fremur ósátt við að hafa ekki fengið að klára sitt nám samkvæmt gömlu námskránni. Kom þar fram óánægja með að hafa lokið áföngum sem voru ekki metnir í nýja námskrá og einnig hafði útskrift í sumum tilfellum frestast. Einnig voru aðrir sem eru að ljúka námi og sitja á síðustu önn sinni í fyrsta þreps áfanga og fannst það miður. Aðlögunarferlið hefur því reynst nemendum erfitt. Þau hins vegar eru fremur jákvæð gagnvart hinni nýju námskrá og lýsa ánægju sinni með fjölbreyttari áfanga, möguleika á meiri sérhæfingu, val á línunum eftir áhuga og einnig að þrepaskipting væri jákvæð leið til þess að markvisst auka kröfur, ef hún virkaði sem skildi. Nemendur eru sammála um að ný námskrá hafi aukið álag og kröfur en eru öll sammála um að það sé jákvæð breyting. Helstu vankantar á nýrri námskrá sem nemendur nefna eru: Flókin nöfn á áföngum og að þrepaskipting sé ekki að virka eins og hún á að gera.

Önnur umræða

Nokkur umræða skapaðist um hvaða áfangar ættu heima í kjarna og hvaða áfangar í sérviði brauta. Var heimspeki þar sérstaklega til umræðu og umhverfis- og auðlindafræði.

Mikil umræða skapaðist um að kennarar geri ólíkar kröfur, til dæmis hvað varðar gæði verkefna, heimildavinnu nemenda og skilafrest. Jafnframt nefndu þau að sumir kennarar færu ekki eftir verklagsreglum þegar kemur að skilum verkefna til nemenda og fyrirlögn verkefna. Nefna þau að stundum séu nemendur búnir að skila fjölda verkefna áður en þau fá nokkra umsögn til baka frá kennara.

Nemendur sem eru að taka sömu áfanga á milli ára eru stundum að taka gjörólíkan áfanga og kröfur misjafnar. Nemendur lýsa því að þau geti hjá sumum kennurum verið í lengri tíma í burtu án þess að nokkuð hafi gerst eða þau misst af neinu.

Lesstofuskylda kom til umræðu og ljóst að nemendur eru mjög ósáttir við það fyrirkomulag og telja það ekki skila nokkrum árangri. Nemendur eru einróma í lýsingu sinni á fyrirkomulaginu. Þau sem áður höfðu notað lesstofu til þess að læra segja fyrirkomulagið afturför, áður hafi lesstofan verið næði fyrir þá sem sannarlega vilja læra. Hins vegar vegna skyldunnar séu þar nú nemendur sem ekki eru þar til þess að læra heldur koma þar saman í saumaklúbb eins og einn nemandi orðaði það. Einnig kom fram að enga aðstoð væri þar að hafa og fyrir suma væri meiri möguleiki á að fá hjálp heima fyrir. Skýrt kemur fram hjá þeim öllum að þau upplifa að ekki sé á þau hlustað og alger skortur á vilja hjá kennurum til þess að ræða við þau og hlusta á þeirra rök. Nemendur er einnig á því að skylda þessi fari þvert á þau markmið að kenna nemendum að taka ábyrgð á eigin námi. Greinilegt er að það er mikil þörf á því að ná sátt um þetta efni milli nemenda og kennara í FAS.

Þegar farið var ofan í saumana í greinargerðinni var tvennt sem stóð upp úr, viðhorf nemenda til lesstofu og þrepaskipting náms í FAS. Viðhorfum nemenda til FAS verða gerð skil undir lið 2.10 Lesstofa. Þegar upplifun nemenda til þrepaskiptingarinnar er skoðuð virðist ljóst að kennurum hefur ekki tekist sem skyldi að samræma kröfur eftir hæfniprepum. Kröfur í áföngum virðast miklu frekar fara eftir kennurum en þrepum og það er óviðunandi. Umbótamat næsta skólaárs mun því felast í því að bregðast við þessum upplýsingum og verður stefnt að því að samræma kröfur hjá kennurum á komandi árum.

2.10 Lesstofuskylda

Í nokkur ár hefur það verið skylda nemenda að mæta á lesstofu skólans að lágmarki í eina klukkstund í viku hverri fyrir hvern 5 eininga áfanga. Markmiðið með lesstofuskyldunni er að auka virkni nemenda utan kennslustunda og skapa þann vinnumóráll að vinna nemenda fari fram á skólatíma og í skólanum sjálfum. Viðhorf nemenda og starfsfólks skólans hefur verið skoðað með reglubundnum hætti og ítrekað hefur komið í ljós talsverð óánægja nemenda til lesstofuskyldunnar. Í ár voru nemendur spurðir að því hversu vel eða illa lesstofan nýttist þeim við námið í FAS. Í ljós kom að 34% töldu að lesstofan nýttist þeim vel eða mjög vel, 34% töldu að lesstofan nýttist þeim sæmilega og 32% töldu að hún nýttist þeim illa eða mjög illa. Talsverður viðhorfsmunur var þó hjá nemendum ef aldur var tekinn inn í myndina. Yngri nemendur voru talsvert jákvæðari en eldri nemendur. 38% yngri nemenda töldu að lesstofan nýttist þeim vel eða mjög vel til náms en einungis 25% eldri nemenda töldu svo vera. Hins vegar töldu 42% eldri nemenda að lesstofan nýttist þeim illa eða mjög illa til náms en einungis 29% yngri nemenda voru sammála því (tafla 1).

Tafla 1. Svör nemenda til spurningarinnar; *Hversu vel eða illa nýttist lesstofan þér við námið í FAS?*

| | Yngri en 18 ára | 18 ára eða eldri |
|---------|-----------------|------------------|
| Vel | 21 | 6 |
| Sæmileg | 19 | 8 |
| Illá | 16 | 10 |

Svör eldri nemenda samrýmast vel viðhorfum sem fram komu í rýnihópi nemenda (sjá Umbótamat – rýnihópur nemenda). Almenn óánægja er hjá þeim nemendum með lesstofuskylduna.

Talsverð umræða skapast hjá kennurum um lesstofuskylduna þegar niðurstöður rýnihóps voru kynntar á uppgjörsfundi kennara 21. maí s.l. Í ljósi þess að yngri nemendur virðast nýta lesstofuna mun meira en eldri nemendur var það mat kennara að halda skyldi áfram með lesstofuskylduna a.m.k. þar til nemendur sem ekki höfðu lesstofuskyldu í upphafi náms síns hafa útskrifast. Kennarar töluðu um að frá því að lesstofuskyldan var tekin upp hefði það breytt umgengni og viðhorfi nemenda gagnvart lesstofunni. Áður en lesstofuskyldan varð að veruleika voru mjög fáir nemendur sem nýttu sér hana til náms. Hún var fyrst og fremst samkomustaður nemenda í frímínútum. Árið 2010 unnu nemendur í fél 403 vettvangsathugun og var markmiðið að fylgjast með og greina þau samskipti sem fram fóru á lesstofunni. Niðurstöðurnar ríma vel við upplifun starfsfólks FAS á þeirri nýtingu sem var á lesstofunni á þessum tíma:

Það sem kom mér mest á óvart á meðan að á athugininni stóð var það hversu fáir nýta sér í raun lesstofuna til náms. Mun fleiri nýttu sér aðstöðuna inn á milli bókarekkana og settust þar niður saman og voru að læra. Örfáir einstaklingar settust niður inn á lesstofu til þess að læra og fengu svo þegar þangað var komið ekki sérstaklega góðar aðstæður til þess að stunda námið, sérstaklega þegar var komið inn í frímínútur. Töluverð truflun kom frá þeim sem komu saman inn á lesstofuna til þess að læra þar sem mikið spjall var þeirra á milli oft á tíðum. (óbirt námsskýrsla eftir nemanda).

Lítill nýting til náms á lesstofunni á sínum var ein af meginástæðum þess að ákveðið var að gera nám nemenda FAS á lesstofu að skyldu enda var það mat kennara á þeim tíma að breyta þyrfti viðhorfi nemenda til lesstofunnar og nýtingu þeirra á henni.

Í dag er ástandið allt annað. Þrátt fyrir talsverða óánægju nemenda er lesstofan mikið notuð af þeim til náms. Starfsfólk skólans hefur tekið eftir því að hægt og sígandi hafa nemendur nýtt sér lesstofuna í sífellt meira mæli á prófatíma en vert er að geta þess að ekki er skylda að mæta á lesstofuna þegar próf eru í gangi. Fyrir tíma lesstofuskyldunnar voru það eingöngu örfáir nemendur sem nýttur sér lesstofuna til náms á prófatíma. Í dag er rauninn önnur. Lesstofan er mikið notuð og nemendur vinna mikið saman að prófaundirbúningi. Það er því mat starfsfólks skólans að mikilvægt sé að halda lesstofuskyldunni áfram að sinni en endurmeta stöðuna reglulega.

3 Ytra mat

3.1 Stofnun ársins

Á hverju ári stendur SFR fyrir kjöri á stofnun ársins. Í ár fékk FAS tvær viðurkenningar. Annars vegar fékk skólinn viðurkenningu sem *Hástökkvari ársins* og hins vegar lenti skólinn í 5. sæti sem *stofnun ársins með 20 – 49 starfsmenn*. Viðurkenningar þessa sýna ljóslega að starfsfólki skólans líður vel á vinnustaðnum, starfsandinn og vinnuskilyrði góð. Þessi niðurstaða rímar vel við niðurstöðu viðhorfskönnunarinnar sem lögð var fyrir kennara á þessu skólaári (sjá 2.4 Mat á skólastarfi – viðhorfskönnun lög fyrir starfsfólk FAS).

Mat á skólastarfi á haustönn 2014

Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur 21. október 2014.

A. Bakgrunnsspurningar

Ertu karl eða kona

- Karl
- Kona

Hvað ertu gamall/gömul?

- Yngri en 18 ára
- 18 ára eða eldri

B. Viðhorfsspurningar til þjónustunnar í FAS

1. Hvernig finnst þér vinnuaðstaðan vera?

- Mjög góð
- Góð
- Viðunandi
- Slæm
- Mjög slæm
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi vinnuaðstöðuna?

2. Hvernig líður þér í skólanum?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi líðanina?

3. Hvernig finnst þér samskiptin vera í skólanum?

- Mjög góð
- Góð
- Viðunandi
- Slæm
- Mjög slæm
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi samskiptin?

4. Hvernig finnst þér skólanum stjórnað?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi stjórnunina?

5. Hvernig finnst þér félagslífið?

- Mjög gott
- Gott
- Sæmilegt
- Slæmt
- Mjög slæmt
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi félagslífið?

6. Hvernig finnst þér tölvukerfi skólans?

- Mjög gott
- Gott
- Viðunandi
- Slæmt
- Mjög slæmt
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi tölvukerfið?

7. Hvernig líkar þér þjónusta bókasafnsins?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi bókasafnið?

8. Hvernig líkar þér námsráðgjöfin við skólann?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi námsráðgjöfina?

9. Hvernig líkar þér umsjón þíns umsjónarkennara.

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi umsjónina?

10. Hvernig líkar þér veitingasalan?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi veitingasöluna?

11. Hvernig líkar þér þrífín í Nýheimum?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi þrífín?

12. Hvernig líkar þér þjónusta skrifstofu skólans?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi skrifstofuna?

13. Hvernig líkar þér þjónustan á lesstofunni?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi lesstofuna?

14. Er eitthvað sem þú vilt taka fram varðandi einhverja af spurningunum hér fyrir framan eða eitthvað annað sem ekki er spurt um?

C. Viðhorf til viðveru á lesstofu

15. Hversu vel eða illa nýtist lesstofan þér við námið í FAS?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara/á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi lesstofuviðveruna?

Mat á skólastarfi á haustönn 2014

Viðhorfskönnun lögð fyrir starfsmenn

Svaraðu þessu skjali í tölvunni, prentaðu síðan svarið út og komdu svarinu í kassa á skrifstofu skólans.

1. Hvernig finnst þér vinnuaðstaðan vera?

- Mjög góð
- Góð
- Viðunandi
- Slæm
- Mjög slæm
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi vinnuaðstöðuna?

2. Hvernig líður þér í vinnunni?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi líðanina?

3. Hvernig finnst þér samskiptin vera í skólanum?

- Mjög góð
- Góð
- Viðunandi
- Slæm
- Mjög slæm
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi samskiptin?

4. Hvernig finnst þér skólanum stjórnað?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi stjórnunina?

5. Hvernig finnst þér andinn í starfsmannahópnum?

- Mjög góður
- Góður
- Sæmilegur
- Slæmur
- Mjög slæmur
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi vinnuandann?

6. Hvernig finnst þér kerfisstjórnun við skólann?

- Mjög góð
- Góð
- Viðunandi
- Slæm
- Mjög slæm
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi kerfisstjórnunina?

7. Hvernig líkar þér þjónusta bókasafnsins?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi bókasafnið?

8. Hvernig líkar þér sambúðin í Nýheimum?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi sambúðina?

9. Hvernig líkar þér veitingasalan?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi veitingasöluna?

10. Hvernig líkar þér þrífín í Nýheimum?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi þrífín?

11. Hvernig líkar þér þjónusta skrifstofu skólans?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi skrifstofuna?

12. Hvernig líkar þér þjónustan á lesstofunni?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa
- Vil ekki svara / á ekki við

Er eitthvað sem þú vilt tilgreina sérstaklega varðandi lesstofuna?

13. Er eitthvað sem þú vilt taka fram varðandi einhverja af spurningunum hér fyrir framan eða eitthvað annað sem ekki er spurt um?

Viðauki 3 – Áfangamat nemenda á vorönn 2015

Áfangamat nemenda á vorönn 2015

Hver kennari leggur þetta mat fyrir í þeim áföngum sem hann kennir. Matið er lagt fyrir í kennslustundum dagana 27. til 30. apríl. Eftir að nemendur hafa svarað þá setja þeir svarblöðin í umslag merkt áfanganum. Síðasti nemandinn sem setur svarblað sitt í umslagið lokar því og fer með það á skrifstofu skólans eða til skólameistara. Kennari fær ekki umslagið afhent fyrr en hann hefur gefið vinnueinkunn í áfanganum en vinnur þá úr þessum upplýsingum og setur niðurstöður úr spurningum 1 – 4 í sameiginlegt skjal sem farið verður yfir á uppgjörsfundi kennara.

Nafn áfanga: _____

1. **Mér fannst kennslan í áfanganum almennt góð**

| | | | | |
|---------|----------------|-----------------|----------|----------------|
| Sammála | Frekar sammála | Frekar ósammála | Ósammála | Vil ekki svara |
| () | () | () | () | () |

2. **Mér fundust verkefni í áfanganum almennt góð**

| | | | | |
|---------|----------------|-----------------|----------|----------------|
| Sammála | Frekar sammála | Frekar ósammála | Ósammála | Vil ekki svara |
| () | () | () | () | () |

3. **Mér fannst námsefnið í áfanganum samræmast vel viðfangsefninu**

| | | | | |
|---------|----------------|-----------------|----------|----------------|
| Sammála | Frekar sammála | Frekar ósammála | Ósammála | Vil ekki svara |
| () | () | () | () | () |

4. **Ég gat yfirleitt einbeitt mér vel að náminu í kennslutímum**

| | | | | |
|---------|----------------|-----------------|----------|----------------|
| Sammála | Frekar sammála | Frekar ósammála | Ósammála | Vil ekki svara |
| () | () | () | () | () |

5. Skrifðu nokkur orð um það sem þér fannst gott og það sem hefði mátt vera betra í áfanganum. Hafðu meðal annars í huga kennsluna, verkefni, námsefnið og einbeitingu þína.